

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *51. fundur.*

að Hlíðavegi 6, miðvikudaginn 27. mars. 2013, kl 9:00.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Bréf Eflu verkfræðistofu v/ljósleiðara, var frestað á fundi 13. mars.
3. Erindi frá sýslumanni ósk um umsögn um endurnýjað rekstrarleyfi til handa Ásdísi Illugadóttur.
4. Erindi frá sýslumanni ósk um umsögn um endurnýjað rekstrarleyfi til handa Stefáni Gunnarssyni f.h. Jarðbaðanna ehf.
5. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar dags. 18. mars.

Til kynningar:

Fundargerð aukafundar Eyþings dags. 12. feb.

Bréf Guðrúnar Tryggvadóttur f.h. Búnaðarsambands Suður - Þingeyinga.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Pétur Snæbjörnsson.

1. Fundarsetning.
Oddviti setti fund.

2. Bréf Eflu verkfræðistofu v/ljósleiðara, var frestað á fundi 13. mars.

Fyrir fundinum liggur bréf frá Eflu verkfræðistofu þar sem gert er tilboð í fullnaðarhönnun ljósleiðarkerfis í Skútustaðahreppi. Verkið yrði unnið í tímavinnu en í tilboðinu er ekki gert ráð fyrir kostnaði vegna leyfismála. Sveitarstjórn samþykkir að hafna fyrirleggjandi tilboði og leita annarra leiða.

3. Erindi frá sýslumanni ósk um umsögn um endurnýjað rekstrarleyfi til handa Ásdísi Illugadóttur.

Með bréfi óskar sýslumaður eftir umsögn sveitarstjórnar á endurnýjuðu rekstrarleyfi til handa Ásdísi Illugadóttur til sölu gistingar að Helluhrauni 13. Flokkur: Heimagisting I. Sveitarstjórn samþykkir umbeðið leyfi fyrir sitt leyti.

4. Erindi frá sýslumanni ósk um umsögn um endurnýjað rekstrarleyfi til handa Stefáni Gunnarssyni f.h. Jarðbaðanna ehf.

Með bréfi óskar sýslumaður eftir umsögn sveitarstjórnar á endurnýjuðu rekstrarleyfi til handa Stefáni Gunnarssyni f.h. Jarðbaðana ehf. til sölu veitinga í húsnæði fyrirtækisins, Jarðbaðshólum. Flokkur: Veitingahús II. Sveitarstjórn samþykkir umbeðið leyfi fyrir sitt leyti.

5. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar dags. 18. mars.

Í þriðja lið fundargerðarinnar er tekin fyrir erindi frá Sigurði Böðvarssyni og Ásmundi Kristjánssyni vegna tónsmíða sr. Arnar Friðrikssonar. Sr. Örn hefur á undanförunum árum samið fjölda tónverka um bæi og staði í Mývatnssveit, auk kór og einsöngslaga sem mörg hafa verið flutt í Þingeyjarsýslu við ýmis tækifæri. Hugmynd þeirra félaga er að fá sr. Örn til að leika öll sín píanóverk á geisladisk svo þau varðveitist í hans flutningi og túlkun. Því er óskað eftir styrk frá sveitarfélaginu til að fjármagna upptökur í stúdíói.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að taka jákvætt í erindið, þá telur nefndin ekki síður mikilvægt að skrá sögu og tilurð tónverkanna.

Í fjórða lið er tekin fyrir erindi frá Friðriki Jakobssyni f.h. Söngfélagsins Sálubótar þar sem óskað er eftir stuðningi sveitarfélagsins við páskatónleika Sálubótar þann 30. mars n.k. í tilefni 20 ára afmæli kórsins.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að styrkja verkefnið um kr. 15.000,-.

Í fimmta lið er tekið fyrir erindi frá sr. Örnólfi J. Ólafssyni þar sem hann óskar eftir styrk frá sveitarfélaginu við fyrirhugaða tónleika Kórs Menntaskólans við Hamrahlíð. Gert er ráð fyrir tvennum tónleikum þann 14. apríl og síðan myndi kórinn syngja í Reykjahlíðarskóla að morgni 15. apríl. Aðgangur á alla tónleikana yrði ókeypis.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að styrkja verkefnið um kr. 50.000,-

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Félags- og menningarmálanefndar á fyrrgreindum erindum.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétursson,
Karl Emil Sveinsson,
Eyrún Björnsdóttir,
Pétur Snæbjörnsson.